




AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

Nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni

15.12.2025



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 26.06.2025 með athugasemdafresti til: 18.07.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: 11.09.2025 með athugasemdafresti til: 03.10.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

112577-01-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Áætluð framkvæmd	4
2.2	Jarðfræði og gróður	5
2.3	Fuglar	5
2.4	Vatn	6
2.5	Minjar	6
2.6	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
2.7	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	7
2.8	Vernd	8
2.9	Jarðalög	9
3	BREYTING AÐALSKIPULAGS	9
3.1	Breytingar á uppdrætti	9
3.2	Breytingar á greinargerð	9
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
4.1	Umhverfispættir og áherslur	11
4.2	Valkostir og umhverfisáhrif	13
4.2.1	Niðurstaða umhverfisáhrifa	14
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	15

1 INNGANGUR

Sett er fram breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni er sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á tæplega 1400 ha. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta sípekjuskóg sem skapar timburnytjar og græðir upp raskað land.

Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum, skv. úrskurði Skipulagsstofnunar frá 11. apríl 2025. Unnið er að umhverfismati fyrir svæðið.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og aðalskipulagssuppdætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið nær til jarðarinnar Villingavatns (L170831), Villingavatns 1 (L221260), Villingavatn 2 (L222929) Villingavatns III (L224665) og Villingavatn bátaskýli (L237203) í Grafningi.

Skipulagssvæðið er um 1700 ha. Jörðin er sunnan Þingvallavatns og nær frá vatninu í norðri upp í fjalllendi í suðri. Hæð lands er frá 100 m upp í um 440 m.y.s. Svæðið er innan vatnasviðs Þingvallavatns.

Grafningsvegur efri, nr. 360, liggur í gegnum jörðina. Rétt norðan vegarins er Villingavatn, 0,18 km² að stærð og fremur grunnt vatn sem veiði er í. Úr vatninu rennur lækur í Þingvallavatn. Meðfram Þingvallavatni eru frístundahús. Búrfellslína 3 og Sogslína 3, 220V háspennulínur sem liggja í gegnum jörðina Villingavatn. Jörðin er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og hluti hennar á C hluta náttúruminjaskrár.

2.1 Áætluð framkvæmd

Á skógræktarsvæðinu verða skilin eftir auð svæði meðfram árfarvegum, lækjum og gljúfrum, raflínum (helgunarsvæði), vegum, þ.m.t. línuvegum, og vinnuslóðum. Þannig er aðgengi um svæðið tryggt og land um leið brotið upp með tilliti til eldvarna og ásýndar. Eins verða helgunarsvæði virt í kringum fornminjar. Skógræktar- og landgræðslusvæðið nær að 400 m hæðarlínu. Ofan þess svæðis, á óbyggðu svæði er fyrirhugað að stunda landgræðslu og sá birkifræi. Ekki verður gróðursett í votlendi.

Stunduð verður svokölluð sípekjuskógrækt (e. Continuous cover forestry) sem fellst m.a. í því að aldrei er rjóðurfellt eða skógurinn gjörfelldur á stærri svæðum. Þannig er skógarþekju viðhaldið. Miðað verður við að ekki sé grisjað eða höggvið meira en 20 – 25% af tilteknu svæði í einu.

Unnið er að umhverfismati framkvæmdar, þar sem gerð er nánari grein fyrir staðháttum, afmörkunum og mögulegri útfærslu verkefnis.

2.2 Jarðfræði og gróður

Samkvæmt jarðfræðikortum ÍSOR þá einkennist jarðfræði svæðisins af móbergi frá eldri jökulskeiðum, setlögum og stöku grágrýti. Innan svæðisins er ekki að finna nútímahraun eða aðrar jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Helstu vistlendi eru moslendi (52%), mólendi (21%), melar og sandar (9%), og votlendi (9%). Tún eru meðfram Grafningsvegi efri. Lítt raskað votlendi er innan svæðisins, einkum umhverfis Villingavatn. Stór hluti landsins er lítt gróinn og nokkurt rof er í gangi. Algengasta vistgerðin er Hraungambravist sem þekur um helming svæðisins. Verndargildi vistgerðarinnar er lágt. Næst algengust er lyngmóavist á láglendi sem þekur um 10% af svæðinu og er verndargildi vistgerðarinnar hátt. Starungsmýravist þekur um 7% af svæðinu og er verndargildi vistgerðarinnar mjög hátt. Hlutfall annarra vistgerða er minna. Til að vernda votlendi og starungsmýravist eru settir skilmálar um að ekki skuli plantað í eða við votlendi.



MYND 1. Fyrirhugað skógræktarsvæði, Villingavatnsá og Villingavatn. Mynd tekin sunnan Grafningsvegjar efri, horft til norðurs.

2.3 Fuglar

Villingavatn liggur að svæðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvæg fuglasvæði, þ.e. *Sogið-Þingvallavatn* og *Suðurlandsundirlendið*. Svæðið *Sogið-Þingvallavatn* telst alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima á varp- og fartíma og húsönd og gulönd yfir vetrartímann. Að öðru leyti má áætla að mófuglar séu ríkjandi. Hraungambravist þekur um helming jarðarinnar og í þeirri vistgerð eru heiðlóa og spói algengust. Þá eru votlendi, vötn og tjarnir innan svæðisins sem almennt eru rík af fuglalífi og ýmsar tegundir vaðfugla sem nýta sér slík svæði til varps, auk annara tegunda. Einnig má reikna með því að á svæðinu geti fundist þúfuttlingar og rjúpur.

Reikna má með að skógræktin skerði búsvæði mófugla, t.d. heiðlóu og spóa, en þær tegundir teljast til ábyrgðartegunda á Íslandi vegna þess hve hátt hlutfall þeirra verpir eða fer um landið á farti. Hins vegar er gróður rýr á stórum hluta svæðisins og því ekki ólíklegt að mófuglalíf þar sé einnig í minna lagi. Með meiri skógrækt kemur fuglalíf þeirra tegunda sem þar þrífast best s.s. þrestir og einnig hafa nýjar tegundir verið að nema land í skógum s.s. glókollur og barrfinka.

Ekki verður gróðursett í votlendi eða meðfram vötnum, sbr. ákvæði aðalskipulags, en skógrækt getur haft óbein áhrif á þessi svæði, s.s. með myndun skjóls, auknu fæðuframboði og minni sveiflum í vatnsyfirborði.

2.4 Vatn

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Svæðið er innan grunnvatnshlots 104-305-G, *Lyngdalsheiði*, og er umhverfismarkmið „gott“ fyrir bæði magnstöðu og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins. Meðfram vestari jaðri svæðisins er straumvatnshlot 104-835-R/104-910-R, *Villingavatnsá*, og er umhverfismarkmið „mjög gott“ fyrir vistfræðilegt ástand þess og „gott“ fyrir efnafræðilegt ástand þess. Umhverfismarkmið fyrir Þingvallavatn, 104-2232-L, er „gott“ fyrir bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess.

2.5 Minjar

Fyrir liggur minjaskráning í Grafningi frá árinu 1998. Skv. minjavefsjá er fjöldi fornleifa á jörðinni. Settir verða skilmálar um að ekki sé heimilt að planta trjám nær þekktum minjum en 15 m.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.6 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Skipulag skal stuðla að traustum veituvinnviðum sem tryggja öryggi. Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs.

Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við landsskipulagsstefnu. Mörkuð er stefna um skógrækt, uppgræðslu lands og vernd votlendis sem allt eykur bindingu kolefnis. Um leið er gætt að náttúru og minjum ásamt því að horft er til flokkunar landbúnaðarlands.

2.7 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Í aðalskipulagi er fyrirhugað skógræktarsvæði í landi Villingavatns skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L2), óbyggð svæði (ÓB1) og frístundabyggð (F6) sem er meðfram Þingvallavatni.

Um landbúnaðarland í flokki L2 segir: „Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem getur verið ótengd landbúnaði. Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð. Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar. Landspildur eru jafnan yfir 10 ha að stærð“.

Um óbyggð svæði (ÓB1) segir að áfram verði unnið að landgræðslu og endurheimt landgæða. Landgræðsla og landbótaskógrækt geti verið heimil. Einnig kemur fram að áfram verði stunduð ábyrg beitarstjórnnum og landeigendum tryggður áframhaldandi nytja- og beitarréttur innan óbyggðra svæða. Landgræðsla og landbótaskógrækt getur verið heimil á óbyggðum svæðum.

Næst Þingvallavatni er frístundabyggðin F6 þar sem heimild er fyrir 40 lóðum og er svæðið að stórum hluta byggt.

Syðsti hluti svæðisins er undir hverfisvernd, Hengilssvæðið (HV4). Forsendur verndar snúa að fjölbreyttu landslagi, gljúfrum og jarðminjum innan svæðisins. Svæðið hefur mikið útivistargildi og er að hluta til á náttúruminjaskrá (nr. 742). Þingvallavatn og 50 m belti með ströndinni er undir hverfisvernd (HV24). Lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju. Fjölbreytt strandsvæði. Svæðið er á náttúruminjaskrá (nr. 743).

Allt svæðið er innan varúðarsvæðis vegna verndunar vatnasviðs Þingvallavatns (VA2). Um svæðið segir: Verndun vatnasviðs Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spilt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Landeigendur/ábúendur hafa hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu.

Í aðalskipulagi er eftirfarandi stefna um skógrækt:

- Að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust.
- Að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.
- Að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.

Í almennum skilmálum kemur fram að landgræðsla sé heimil þar sem hennar gerist þörf og að við skógrækt í námunda við ár og vötn verði ekki hindruð för fólks.

Háspennulínur liggja um land Villingavatns. Í stefnu aðalskipulags um rafveitu kemur fram að við skógrækt og aðrar framkvæmdir skuli taka tillit til helgunarsvæða raflína.

Samræmi við gildandi aðalskipulag.

Verið er að breyta landbúnaðarlandi L2 í svæði fyrir skógrækt. Það gengur að hluta til gegn stefnu gildandi aðalskipulags sem heimilar að hluti svæða geti hentað til skógræktar. Þó þarf að líta til þess að í flokkun landbúnaðarlands er stór hluti jarðarinnar í flokki III og IV sem hentar síður eða illa til landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Minni hluti jarðarinnar er land í flokki I og II. Þá er breytingin í samræmi við þá stefnu að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis.

Þingvallavatn og belti með ströndinni er undir hverfisvernd og er skilgreint sem opið svæði til útivistar. Hengilssvæðið er undir hverfisvernd vegna jarðminja, gljúfurs og landslags. Í stefnunni kemur fram að auð svæði verði skilin eftir meðfram ám, lækjum, vötnum og gljúfrum.

2.8 Vernd

Jörðin Villingavatn nýtur ýmis konar verndar.

Þingvallavatn og vatnasvið þess nýtur verndar skv. lögum nr. 85/2005, og er afmörkun svæðis tiltekin í 2. gr. laganna. Tilgangur laganna er að „*stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess*“.

Þingvellir og Þingvallavatn er skráð sem aðrar náttúruminjar í náttúruminjaskrá (nr. 743) og svæðinu lýst á eftirfarandi hátt: „*Þingvellir og Þingvallavatn, Þingvallahreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 59/1928. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. (2) Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.*“

Villingavatn er skráð sem aðrar náttúruminjar í náttúruminjaskrá (nr. 773) og þar lýst á eftirfarandi hátt: „*Villingavatn, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið sjálft, votlendið umhverfis og aðdragandi þess. (2) Votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.*“

Hluti af náttúru jarðarinnar nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. S.s. votlendi sem er 2 ha eða stærra og stöðuvötn og tjarnir sem eru 1000 m² eða stærri. Votlendi er að finna umhverfis Villingavatn og Villingavatn ásamt Þingvallavatni njóta einnig verndar.

Sogið-Þingvallavatn er svæði á B-hluta náttúruminjaskrár sem tilnefnt er vegna fugla og telst alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima, húsönd og gulönd. Verndarsvæðið tekur til Þingvallavatns og Sogs, ásamt 100 m jaðars meðfram bökkum.

Grændalur er svæði á B-hluta náttúruminjaskrár og nær inn á suðurhluta jarðarinnar. Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða og jarðhitalækja.

2.9 Jarðalög

Undanfarin ár hefur landið verið nýtt til landbúnaðar, einkum beitar, en búskapur á jörðinni er á undanhaldi. Búið er að flokka landbúnaðarland og er jörðin einkum í flokki III og IV sem er blandað land og illræktanlegt land. Láglandari svæði eru í flokki I og II sem er gott ræktunarland.

Bæði austan og vestan Villingavatns eru stór skógræktarsvæði í aðalskipulagi, auk óbyggðs svæðis, frístundabyggðar og opins svæðis og almennt er landbúnaður á undanhaldi í Grafningi og því æskilegt að tryggja áframhaldandi nýtingu lands, s.s. til skógræktar.

Til framtíðar litið væri hægt að ryðja skóg og taka landið aftur undir landbúnaðarstarfsemi. Skógrækt fellur að stefnu sveitarfélagsins um bindingu kolefnis.

Sveitarfélagið heimilar að landið verði tekið undir skógrækt.

3 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti.

3.1 Breytingar á upprætti

Sett er inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði SL18 og heimiluð skógrækt og uppgræðsla lands. Landbúnaðarsvæði L2 og óbyggt svæði ÓB1 minnkar samsvarandi. Frístundabyggðin F6 minnkar og umhverfis Villingavatn er sett inn opið svæði OP9 á því landi sem er enn lítt raskað votlendi m.v. loftmynd. Sömuleiðis er sett inn opið svæði með vatnsbakka Þingvallavatns OP10, á svæði sem er undir hverfisvernd.

3.2 Breytingar á greinargerð

Skógræktar- og landgræðslusvæði, kafli 3.2.2

Í kafla um skógræktar- og landgræðslusvæði er bætt við einu svæði.

TAFLA 1. Skilmálar fyrir skógræktar- og landgræðslusvæðið SL18 í breyttu aðalskipulagi.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING
SL18	Villingavatn	1382,2	Heimilt er að stunda landgræðslu og sjálfbæra síþekjuskógrækt sem veitir fjölbreyttar skógarafurðir og vistkerfisþjónustur svo sem timbur, kolefnisbindingu, vatnsmiðlun og búsvæði. Á skógræktarsvæðinu verða auð svæði skilin eftir meðfram ám, vötnum, lækjum og gljúfrum, línuvegum, raflinum (85 m helgunarsvæði), vegum (30 m veghelgunarsvæði) og vinnuslóðum. Þannig er aðgengi um svæðið tryggt og land brotið upp með tilliti til eldvarna og ásynðar. Ekki er heimilt að planta trjám nær þekktum minjum en 15 m. Heimilt er að vera með útivistarleiðir og áningarstaði.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING
			Í samræmi við skilmála fyrir landbúnaðarsvæði (kafli 3.2.1 í gildandi skipulagi) þá er heimilt að byggja upp á minni spildum í tengslum við núverandi bæjartorfur, vegi og veitur. Fjarlægð nýrra íbúðarhúsa frá þjóðvegi verði almennt undir 1 km. Á hverri jörð, sem er að jafnaði 25 ha eða stærri, er heimilt að byggja 4 stök íbúðarhús og 4 stök frístundahús. Íbúðarlóðir skulu vera minnst 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,03, en getur verið hærra á bæjarhlöðum, og verður útfært í deiliskipulagi. Skógrækt skal vera í samræmi við 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 sem kveður m.a. á um að eingöngu sé heimilt að nota innlendar trjátegundir á friðlýstum svæðum og í yfir 400 m hæð yfir sjó. Ofan 400 m.y.s. er heimilt að stunda landgræðslu og sá birkifræi. Ekki verður gróðursett í votlendi eða nánasta umhverfi Villingavatns. Stunduð verður síþekjuskógrækt (e. Continuous cover forestry) sem miðast við að aðeins sé höggvið eða grisjað 20-25% af hverju svæði í einu. Í framkvæmdaleyfi verður gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum sé þess þörf s.s. til að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum eða takmörkun á notkun áburðar. Verði þess talin þörf skal í framkvæmdaleyfi taka mið af niðurstöðu umhverfismats framkvæmdarinnar og álits Skipulagsstofnunar þar um.

Opin svæði, kafli 3.1.3

Bætt er við opnu svæði umhverfis Villingavatn og öðru meðfram vatnsbakka Þingvallavatns.

TAFLA 2. Skilmálar fyrir opin svæði OP9 og OP10.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING
OP9	Villingavatn	22,5	Votlendissvæði umhverfis Villingavatn. Heimilt er að vera með minniháttar aðstöðu til útivistar. Forðast skal að raska votlendi og lífríki umhverfis vatnið. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
OP10	Bakki Þingvallavatns	12,5	Svæði meðfram vatnsbakka Þingvallavatns í landi jarðarinnar Villingavatns. Heimilt er að vera með stíga til útivistar. Forðast skal rask á landi og lífríki. Svæðið er undir hverfisvernd og á náttúruminjaskrá.

Frístundabyggð, kafli 3.1.2

Frístundabyggðin F6 er minnkuð.

TAFLA 3. Skilmálar og stærð frístundabyggðarinnar F6 í gildandi skipulagi.

NR	HEITI SVÆDIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ (HA)
F6	Sandur og Einbúi, Villingavatn	Á svæðinu er gert ráð fyrir um 40 lóðum og er svæðið að stórum hluta byggt. Deiliskipulag er fyrir hendi á um fjórðungi svæðis.	80,3

TAFLA 4. Skilmálar og stærð frístundabyggðarinnar F6 í breyttu skipulagi.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ (HA)
F6	Sandur og Einbúi, Villingavatn	Á svæðinu er gert ráð fyrir um 40 lóðum og er svæðið að stórum hluta byggt. Deiliskipulag er fyrir hendi á um fjórðungi svæðis.	55,6

Óbyggt svæði, kafla 3.3.4

Óbyggt svæði minnkar. Mæld stærð ÓB1 í gildandi skipulagi er 32.339.4 ha en ekki 37.662,2 eins og segir í töflu greinargerðar. Stærðin er leiðrétt í breyttu skipulagi.

TAFLA 5. Skilmálar og stærð óbyggðs svæðis ÓB1 í gildandi skipulagi.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ÓB1	Óbyggð svæði á afrétti og fjallendi, heiðar í byggð.	Grímsnesafréttur og fjallendi Hengilssvæðins, Ingólfsfjall og Mosfellsheiði. Áfram verði unnið að landgræðslu og endurheimt landgæða.	37.662,2

TAFLA 6. Skilmálar og stærð óbyggðs svæðis ÓB1 í breyttu skipulagi.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
ÓB1	Óbyggð svæði á afrétti og fjallendi, heiðar í byggð.	Grímsnesafréttur og fjallendi Hengilssvæðins, Ingólfsfjall og Mosfellsheiði. Áfram verði unnið að landgræðslu og endurheimt landgæða.	31.555,5

4 UMhverfismatsskýrsla

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati þeirra framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 1.04 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem um er að ræða „nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis“. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum og er unnið að því.

4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 7 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 7. Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Landnotkun, landslag og ásýnd	Aðalskipulag. - Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Landsskipulagsstefna - Ráðstöfun lands taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. - Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.	Hefur stefnan áhrif á landnotkun? Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á ásýnd? Hefur stefnan áhrif á tækifæri til matvælaframleiðslu.
Vatn og lífríki vatns	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lög um verndun þingvallavatns og vatnasviðs þess. 1. gr. Stuðla að verndun lífríkis þingvallavatns og vatnasviðs þess. Lög um lax- og silungsveiði nr. 60/2006. 33. gr. Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskgengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.	Hefur stefnan áhrif á vatn eða grunnvatn? Hefur stefnan áhrif á lífríki þingvallavatns og vatnasviðs þess?
Gróður og líffræðilegur fjölbreytileiki	Aðalskipulag - Við skipulag byggðar og við framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. 61. gr. Vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar og forðast skal að raska.	Hefur stefnan áhrif á gróður? Hefur stefnan áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika?
Fuglar og búsvæði	Aðalskipulag Við skipulag byggðar og við framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum.	Hefur stefnan áhrif á tegunda-samsetningu og búsvæði?
Loft	Landsskipulagsstefna - Stefna í skipulagsgerð skal draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Aðalskipulag - Sveitarfélagið hyggst vinna að því að verða kolefnis-hlutlaust og nýta skógrækt, votlendisaðgerðir og sjálfbæra landnýtingu í því skyni.	Hefur stefnan áhrif á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda?
Samfélag Atvinnulíf.	Aðalskipulag Að efla sveitarfélagið og stuðla að vistvænu samfélagi með fjölbreyttu atvinnulífi.	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
Minjar Fornminjar.	Aðalskipulag - Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 21. gr. Óheimilt er að raska fornminjum. 22. gr. Umhverfis fornminjar skal vera friðhelgað svæði þar sem framkvæmdir eru óheimilar.	Hefur stefnan áhrif á minjar?
Vernd	Aðalskipulag Mannvirkjagerð á verndarsvæðum leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar?

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurningar
	- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna. - Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. 61. gr. Vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar og forðast skal að raska.	

4.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Framkvæmdaraðili er eigandi jarðarinnar Villingavatn og vill nýta jörðina til skógræktar. Því eru aðeins bornir saman tveir valkostir, þ.e. stefna í gildandi skipulagi og stefna í breyttu skipulagi þar sem jörðinni er að stórum hluta breytt í skógræktar- og landgræðslusvæði.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Breytt skipulag. Landið verður skógræktar- og landgræðslusvæði, opið svæði, frístundabyggð og óbyggt svæði.
- Gildandi skipulag. Landið verður áfram landbúnaðarsvæði, frístundabyggð og óbyggt svæði.

Áhrif af stefnu í breyttu skipulagi

Áhrif á landnotkun, landslag og ásýnd eru óveruleg. Skógrækt mun breyta útsýni á svæðinu og stytta sjónlengdir. Landslag breytist þar sem að skóglaut land verður skógi vaxið. Með skógræktinni er verið að græða upp land sem í dag er að hluta til lítt gróið og rofið. Nú þegar eru hávaxin tré meðfram Þingvallavatni og skógrækt á aðliggjandi jörðum sem nú þegar mótar nokkuð heildaryfirbragð. Því eru áhrif á landslag og ásýnd talin óveruleg. Verði þess þörf má ryðja skóg og taka land undir matvælaframleiðslu á ný.

Áhrif á vatn og lífríki vatns eru jákvæð/óviss. Jákvæð áhrif verða því gróður dregur úr jarðvegsrofi og útskolun í ár og vötn. Gróður bætir þannig vatnsgæði. Meiri gróðurþekja kemur til með að draga úr hættu á því að óæskileg efni berist í vatn. Skógur eykur magn lífræns efnis í ám og vötnum sem hefur jákvæð áhrif á lífríki vegna aukins fæðuframboðs. Áhrif á vatnasvið Þingvallavatns eru háð útfærslu skógræktar og áhrifin því metin óviss.

Áhrif á gróður og líffræðilegan fjölbreytileika eru jákvæð/óveruleg. Með skógrækt og uppgræðslu landsins breytist ógróið land í gróið sem minnkar líkur á rofi. Við alla skógrækt breytist gróðurfar og líffræðilegur fjölbreytileiki einnig. Settir eru skilmálar um að ekki skuli plantað í eða við votlendi og að auð svæði verði meðfram ám, vötnum, lækjum og gljúfrum.

Áhrif á fugla og búsvæði eru jákvæð/neikvæð. Fyrirhuguð skógrækt mun breyta tegundasamsetningu fugla á svæðinu. Neikvæð áhrif verða vegna skerðingar á mögulegum búsvæðum mófugla og gæsa. Jákvæð áhrif verða því skógur skapar búsvæði fyrir tegundir sem lifa í skógi, ásamt því að auka samfellu í búsvæðum skógfuglategunda á svæðinu.

Áhrif á loft eru jákvæð því skógur veitir skjól, dregur úr loftmengun og bindur kolefni. Ekki verður hróflað við né plantað í votlendi.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Trjáplöntun, grisjun og vinnsla skógarafurða skapar atvinnu. Mögulegt verður að nýta slóða í skóginum til ýmiskonar útivistar.

Áhrif á minjar eru óverulegar. Settir eru skilmálar að ekki verði plantað nær minjum en 15 m.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Verndarákvæði snúa einkum að vernd lífríkis, jarðminja og landslags. Ekki er talið að skógrækt hafi áhrif á þessi atriði. Settir eru skilmálar um að auð svæði verði meðfram ám, vötnum, lækjum og gljúfrum.

Áhrif af stefnu gildandi skipulags

Áhrif á landnotkun, landslag og ásýnd eru óveruleg. Landið verður áfram landbúnaðarsvæði og möguleiki að stunda þar landbúnað. Ásýnd óbreytt.

Áhrif á vatn og lífríki vatns eru óveruleg. Ekki er reiknað með að núverandi landnotkun breyti vatnsgæðum eða komi í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.

Áhrif á gróður og líffræðilegan fjölbreytileika eru óveruleg. Gróður vex og dafnar áfram.

Áhrif á fugla og búsvæði eru óveruleg. Þeir fuglar og búsvæði þeirra sem eru til staðar verða það áfram.

Áhrif á loft eru jákvæð. Votlendissvæði og gróður verða áfram til staðar og binda gróðurhúsalofttegundir.

Áhrif á samfélag eru neikvæð. Ekki er lengur stundaður landbúnaður eða búskapur á jörðinni og nýting hennar því takmörkuð/engin.

Áhrif á minjar eru óveruleg. M.v. óverulega nýtingu jarðarinnar er ólíklegt að minjar verði fyrir raski.

Áhrif á vernd eru óveruleg. M.v. óverulega nýtingu jarðarinnar þá verða verndarsvæði ekki fyrir raski.

4.2.1 Niðurstaða umhverfisáhrifa

Að flestu leyti eru áhrif af aðalskipulagsbreytingunni metin jákvæð eða óveruleg. Stærsti hluti jarðarinnar er ekki metinn sem gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu og er að því leyti heppilegt að nýta landið til skógræktar og bindingar kolefnis. Með skógrækt verður jafnframt gróður á þeim svæðum sem í dag eru lítt gróin og við það verður meiri binding kolefnis. Ekki er heimilt að planta skógi í votlendi og eru settir skilmálar um það, ásamt því að umhverfis Villingavatn og með bakka Þingvallavatns eru skilgreind opin svæði. Eins er ekki heimilt að planta meðfram ám, lækjum, giljum eða nálægt fornminjum.

Neikvæð áhrif eru helst talin verða vegna breytinga á tegundasamsetningu fugla og skerðingar á mögulegum búsvæðum mófugla. En um leið hefur skógur jákvæð áhrif fyrir þá fugla sem lifa í skógi.

Sömuleiðis breytist ásýnd svæðisins nokkuð við að það verði skógi vaxið. Það mildar þó áhrifin að beggja vegna jarðarinnar Villingavatns er nú þegar stunduð skógrækt.

Sveitarfélagið er meðvitað um að skógrækt á jafn stóru svæði og hér er um að ræða hefur ýmiskonar áhrif. Áhrifin verða einkum því ásýnd svæðisins breytist við skógrækt, en skógi vaxið land er ekki síður fallett en land þar sem er enginn skógur.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt frá 26. júní til 18. júlí. Með kynningu skipulagslýsingar var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun aðalskipulagsbreytingarinnar. Alls bárust 6 umsagnir og eftir atvikum hefur verið tekið tillit til þeirra.

Tillaga aðalskipulagsbreytingar verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.


Helstu umsagnaraðilar eru eftirtaldir:

- Náttúruverndarstofnun
- Þingvallapjóðgarður
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Land og skógur
- Fiskistofa
- Umhverfis- og Orkustofnun
- Sveitarfélagið Ölfus

Líklegt er að skipulagsferlið verði eftirfarandi:




Nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Vatnsból
- Verslun- og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Óbyggð svæði

-  Afþreyingar- og ferðamannasvæði
-  Efnistöku- og efnisloðunarsvæði
-  Iðnaðarsvæði
-  Samfélagsþjónusta
-  Verslun- og þjónusta
-  Minjavernd
-  Vatnsból
-  Stofnvegur/stofnbraut
-  Tengivegur/tengibraut
-  Aðrir vegir og götur
-  Göngu- og hjólríðaleið
-  Ríðleið
-  Vatnafar
-  Hverfisvernd
-  Varúðarsvæði
-  Vatnsvernd fjarsvæði
-  Vatnsvernd grannsvæði
-  Náttúruvá
-  Bær
-  Hæðarlínur
-  Sveitarfélagamörk
-  Rafveita, loftlína
-  Rafveita, jarðstrengur



F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
Nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni

Verk:	Blaðstærð:	Unnið:	Rýnt:
112577	A3	IS	GAL

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 13.10.2025 Breytt dags:

Breyttur aðalskipulagsuppdráttur